

Ár 2007, þriðjudaginn 13. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör listdansstjóra Íslenska dansflokksins

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttáð um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái.

Kjararáð úrskurðaði hinn 23. janúar 2007 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör listdansstjóra Íslenska dansflokksins.

II.

Kjaranefnd barst bréf, dagsett 21. júní 2006, frá listdansstjóra Íslenska dansflokksins þar sem hann óskaði eftir endurmati á launakjörum sínum. Málinu var vísað til kjararáðs og ákvað kjararáð að taka til skoðunar hvort heyra skyldi undir það að ákveða laun og starfskjör listdansstjórans. Kjararáð úrskurðaði síðan hinn 23. janúar 2007 að launaákvörðun listdansstjórans heyrði undir ráðið. Áður, eða 12. október 2006, hafði menntamálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu verið gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna erindis listdansstjórans. Svar dagsett 25. október 2006 barst frá fjármálaráðuneytinu og frá menntamálaráðuneytinu barst bréf dagsett 22. nóvember 2006. Í svari fjármálaráðuneytisins kom ekki fram afstaða til erindisins. Í svari menntamálaráðuneytisins var vísað til reglna um dansflokkinn nr. 14/2002. Þar segir að listdansstjóri sé forstöðumaður dansflokksins og skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn, að fenginni tillögu stjórnar. Hann skuli hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði listdans. Ætíð skuli auglýsa embættið í lok hvers skipunartímabils. Listdansstjóri veiti dansflokknum listræna forystu og móti listræna stefnu hans í samráði við stjórn. Hann skuli stuðla að uppbyggingu dansflokksins. Hann annist og beri ábyrgð á rekstri dansflokksins bæði fjárhagslegum og listrænum. Hann ráði starfsfólk og fari með stjórn starfsmannamála. Þá hafi hann yfirumsjón með markaðssetningu, almannatengslum og kynningu á dansflokknum. Í bréfinu kom ekki fram afstaða til launakjara listdansstjórans.

Í upphaflegu bréfi listdansstjóra frá 21. júní 2006 vísar hann til þess að hann hafi gegnt starfi listræns stjórnanda Íslenska dansflokksins í meira en tíu ár og telji að reynsla hans sé ekki nægilega metin inn í launakjör hans. Hann búi að reynslu sem dansari á Íslandi og í Þýskalandi í 15 ár alls. Vegna nýrra stofnanasamninga hjá ríkinu væru allir starfsmenn Íslenska dansflokksins að hækka umtalsvert í launum og taldi hann að skoða þyrfti launakjör sín með tilliti til þess. Í bréfi frá desember 2006 ítrekaði listdansstjórinn þessi sjónarmið en benti jafnframt á að umfang og starfsemi Íslenska dansflokksins hefði aukist umtalsvert á undanförunum árum. Fjöldi dansara hefði verið aukinn og verkefni dansflokksins hefðu tvöfaldast. Alþjóðleg samskipti væru mun meiri en áður og sýningar á erlendri grundu væru orðinn stór þáttur í starfsemi dansflokksins. Tekjur af sýningarferðum erlendis væru nú einn af stærstu tekjuliðum starfseminnar fyrir utan framlag úr ríkissjóði. Umfang, ábyrgð og starf listræns stjórnanda Íslenska dansflokksins væri mikið breytt frá því sem áður hefði verið og þyrfti að vera metið inn í launakjör með betri hætti en verið hefði.

III.

Ekki eru í gildi sérstök lög um Íslenska dansflokkinn en hann starfar eftir reglum nr. 14/2002. Þar segir að hann sé sjálfstæður listdansflokkur og heyra málefni hans undir menntamálaráðuneytið. Markmið hans er að sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera að öðru leyti vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi. Í bréfi menntamálaráðuneytisins er ákvæðum um starfssvið og verkefni listdansstjórans lýst nánar svo sem fram kemur hér á undan. Menntamálaráðherra skipar dansflokknum þriggja manna stjórn og skulu allar meiriháttar ákvarðanir bornar undir stjórnina til umsagnar. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun sem listdansstjóri vinnur og leggur fram skal borin undir stjórnina til umsagnar.

Fulltrúar menntamálaráðuneytisins komu á fund kjararáðs 16. janúar 2007. Í máli þeirra kom meðal annars fram að með breytingu á reglugerð um starfsemi Íslenska dansflokksins árið 2002 hefði ábyrgð listdansstjóra á rekstri stofnunarinnar verið aukin. Fram að þeim tíma hefði sérstakur framkvæmdastjóri borið rekstrarlega ábyrgð en listdansstjóri hefði borið faglega ábyrgð. Með reglugerðarbreytingunni hefði hlutverk listdansstjóra verið fært til samræmis við það sem tíðkaðist hjá forstöðumönnum annarra ríkisstofnana. Listdansstjóri væri nú forstöðumaður með hvort tveggja, rekstrarlega og faglega ábyrgð. Sögðu þeir að með listdansstjóra starfaði fjármálastjóri/framkvæmdastjóri. Listdansstjórinn kom á fund nefndarinnar síðar sama dag og gerði frekari grein fyrir starfinu.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laganna segir að kjararáð skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Listdansstjóranum voru fyrst ákveðin laun af kjaranefnd árið 2002, skömmu eftir að hinar nýju reglur höfði tekið gildi. Vegna aukinnar starfsemi dansflokksins, innan lands og utan, telur kjararáð nú vera tilefni til endurskoðunar á launakjörum listdansstjórans. Við mat á launum hans hefur kjararáð litið til launakjara forstöðumanna sambærilegra ríkisstofnana að teknu tilliti til stærðar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör listdansstjóra Íslenska dansflokksins skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2006 skulu mánaðarlaun listdansstjóra Íslenska dansflokksins vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 126, nú 476.013 krónur. Að auki skal greiða honum 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör listdansstjórans gilda reglur kjaranefndar frá 18. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir